

---

## 34. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 24. janúar 2017 kl. 8:30.

Fulltrúar sem mættu: Haraldur Haraldsson skólustjóri, Jórunn Kristín Fjeldsted fulltrúi foreldra, Geir Bjarnason fulltrúi grendarsamfélags, Einar Örn Daníelsson og Hildur Kristjánsdóttir fulltrúar kennara, Birta Guðný Árnadóttir og Guðrún Lilja Friðjónsdóttir fulltrúar nemenda. Forföll tilkynntu Oddný S. Jóhannesdóttir fulltrúi starfsfólks og Helga Birna Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra. Fundargerð ritaði Sigurður Björgvinsson.

### 1. Kynning á fulltrúum í skólaráði.

### 2. Nemendur kynna félagslífið.

Félagslífið er gott. Mæting í Vitann hefur batnað. 10. bekkingar mæta þó ekki nógu vel í Vitann. 8. bekkingar eru duglegir að mæta. Þyrfti að auka fjölbreytileika til að fá fleiri inn. Vandi vegna húsnæðis og aðstöðuleysis. Stefnt að því að bæta búnað, svo sem sófa á gangi og fleira. Komið hefur í ljós að fáir mæta úr móttökudeild og sérdeild. Þetta þarf að bæta með kynningu fyrir þessa hópa og finna möguleika á að ná betur til þeirra.

### 3. Umræða um skóladagatal 2016-2017.

Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi á Skólaskrifstofu gerði athugasemd við skóladagatalið vegna foreldradaga sem standa í eina viku, en ekki í 1 dag eins og áður. Skólinn mun halda sínu striki, þar sem þetta er leyfilegt skv. ráðuneytinu. Þá þarf að breyta dagsetningu á vorhátíð vegna útskriftar 10. bekkjar.

### 4. Skólamötuneyti – Skólaaskur nóv. – des.

Haraldur hefur verið í sambandi við Skólaask. Nú hafa verið gerðar breytingar í starfsmannahaldinu og einnig komið til móts við óskir nemenda um matseðilinn að einhverju leyti. Nemendur finnst breytingarnar vera til batnaðar. Haraldur las úr fundargerð frá fundi með nemendum og fulltrúum Skólaasks. Nemendur ítreka að þeir vilji losna við laxinn af matseðlinum. Fram kemur að á döfinni er sjálfsskömmun. Þá verður morgunhressingu komið á fót; skyr, hafragrautur, jógúrt og fleira. Þá verður boðið upp á eitthvað sérstakt fyrir nemendur í hressingunni á föstudögum. Fulltrúi foreldra upplýsti að foreldrar hafi verið í sambandi við fyrirtækið með athugasemdir varðandi matinn.

### 5. Önnur mál.

Fulltrúi foreldra í skólaráði kom á framfæri athugasemdum vegna þess hversu seint skólaráðið hefur farið í gang. Þá spurði foreldrafulltrúi um bréf sem skólinn sendi foreldrum vegna máls, þar sem nemandi var með hnif í skólanum og spurði hvort skólinn hefði nógan mannskap til að bregðast við ef hættuástand skapaðist. Haraldur svaraði því til að margir nemendur væru með eftirfylgd, en að jafnframt að nemendur skólans væru margir og að erfitt gæti verið að sjá fyrir öll atvik. Í framantöldu tilviki hefðu viðbrögð starfsmanna verið skjót og örugg. Þá sagði hann frá því að starfsfólkið hefði fengið kennslu í varnarviðbrögðum frá Brúarskóla. Nýir skólalíðar og stuðningsfulltrúar hafa ekki sótt slíka kennslu í vetur, en að sjálfsögðu fá þeir alla þá fræðslu sem skólinn veitir nýju starfsfólki varðandi hvernig þeir eigi að nálgast nemendur sem þeir hafa í umsjá

sinni. Skólinn bregst við eins og hann best getur. Haraldur ítrekaði að skóli án aðgreiningar þarf að bregðast við allskonar aðstæðum. Margir nemendur eru í sérúrræðum. Ráðgjafar og sérfræðingar ganga í málin, en skólinn reynir ætíð að gera sitt besta til að leysa málin. Krítískasti tíminn er þegar skólaliðar og stuðningsfulltrúar forfallast og erfitt getur reynst að leysa að leysa forföllin þannig að stöðugildafjöldi haldist frá degi til dags.

Fulltrúi foreldra spurði um hvort allir nemendur fengju sundkennslu skv. lögum. Haraldur svaraði að skort hefði á tímaúthlutun fyrir nemendur í sundlaug skólans. Skólinn hefur fengið tíma í Suðurbæjarlaug og munu eldri nemendur sækja sund þangað. Sá böggull fylgir skammrifi að nemendur þurfa að ganga þessa leið og með þessari aðgerð verður öllum lagaskilyrðum varðandi sundið fullnægt. Þá upplýsti Haraldur að í vor myndu 1. bekkur fá námskeið í sundi, en námskeiðið fyllir upp þá tíma sem ekki nást yfir veturinn í vikulegri stundaskrá og hugsað til að ná nemendum vel á flot, enda hefur slík massíf sundkennsla þótt góð leið til að fleyta nemendum áfram og flýta fyrir að þeir verði syntir.

Fulltrúi foreldra spurði um hvort tónmenntastofan væri notuð í annað en tónlistarkennslu og kórstarf. Haraldur svaraði því til að stofan væri notuð eins og annað kennsluhúsnæði undir kennslu sem skólanum bæri að sinna og í þessu tilfelli væri valgrein kennd í stofunni einu sinni í viku.

Fulltrúi foreldra tók til umræðu Vísindasjóð og spurði hvort einhverjar hugmyndir hefðu komið fram um nýtingu hans, en í honum eru um 600 þúsund krónur.

Fulltrúi kennara í skólaráði spurði hvernig reglurnar væru um nýtinguna. Hann setti fram hugmynd um kaup á tilraunasettum á miðstigi. Einar var beðinn að kanna hve mikið slík tilrauna sett kosta og ætlar hann að gera það.

Fulltrúar nemenda bentu einnig á að peninga vantaði til að gera árshátíðarmyndband og spurðu hvor hægt væri í framtíðinni að hafa þetta verkefni sem valgrein. Út frá þessari ábendingu spruttu umræður um að fá hugmyndir frá nemendum um valgreinar og fékk hugmyndin góðar undirtektir. Á það var bent að iðulega er gerð þarfagreining meðal nemenda um valgreinar. Þessu verður haldið til haga þegar vinna við valgreinarnar fara í gang þegar líður á veturinn.

Haraldur tilkynnti að liðurinn um námsráðgjafana í útsendri dagskrá falli niður vegna veikinda annars námsráðgjafans og hinn kemst ekki vegna óvæntra atvika.

Haraldur sagði frá afmæli skólans, en á þessu ári verður skólinn 140 ára, en hann var stofnaður 1877. Þó að hið eiginlega afmæli sé í haust verður byrjað strax á undirbúningi. Skólastarf í Hafnarfirði á sér langa sögu sem mikilvægt er að halda til haga og horfa á í samhengi frá fortíð til nútíðar.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins lýsti ánægju sinni með starf skólans.